

Skráningarráð Gagnis

Þóra Sigurbjörnsdóttir

23. maí 2005

Skipan

- Skráningarráð er skipað af Landskerfi bókasafna að fengnum tillögum frá Alefli, notendafélagi Gegnis
- Skipað til eins árs í senn, fyrst 2. júní 2003

Fulltrúar

- Fanney Sigurgeirsdóttir LBS
- Guðný Ragnarsdóttir Alþingi
- Hulda B. Ásgrímsdóttir Bókas. Garðab.
- Þóra Sigurbjörnsdóttir BBS
- Þórdís T. Þórarinsdóttir MS

Með ráðinu starfa

- Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri
bókfræðigrunns Gegnis
- Ragna Steinarsdóttir ritstjóri efnisorða
- Sigrún Hauksdóttir Landskerfi bókasafna

Ritstjóri bókfræðigrunns

- Ritstjóri annast viðvarandi gæðaeftirlit með uppbyggingu bókfræðigagna, tekur við ábendingum og tillögum frá samstarfsaðilum og leggur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu
- Ritstjóri hefur umsjón með þjálfun varðandi skráningarþátt kerfisins

Ritstjóri efnisorða

- Ritstjóri hefur daglega stjórnun efnisorðasamvinnu á hendi, þ.e. tekur við tillögum um efnisorð frá samstarfsaðilum, fullmótar valorð, vikorð og stigveldi og leggur fyrir skráningarráð til umfjöllunar og afgreiðslu

Úr samningi Landskerfis við aðildarsöfn

- Skráningarráð á vegum verksala [Landskerfis bókasafna hf.] hefur það hlutverk að skera úr um ágreining varðandi skráningu og skráningarheimildir

Einnig í viðauka samningsins

- Skráningarráð skal setja reglur um bókfræðilega skráningu og ber verkkaupa [aðildarsöfnum] að hlíta þeim reglum enda sé markmið þeirra að auka gæði bókfræðilegra gagna í kerfinu
- Skráningarráð hefur umboð til að veita skráningarréttindi í kerfinu og afturkalla þau

Hlutverk 1

- Samstarfsvettvangur Landskerfis bókasafna og bókasafna landsins varðandi notkun og uppbyggingu kerfisins
- Vera Landskerfi bókasafna til ráðuneytis varðandi aðlögun og þróun Gegnis

Hlutverk 2

- Skráningarráð tekur saman lista um staðla, handbækur og þær reglur sem styðjast á við
- Að hafa í samstarfi við Landskerfi forgöngu um fræðslu um bókfræðilega skráningu og efnislyklun eftir því sem þörf krefur

Hlutverk 3

- Að móta aðferðir við að fylgjast með skráningu i kerfinu með það að markmiði að tryggja gæði og samræmingu bókfræðilegra gagna. Öllum sem skrá í Gegni ber að hlíta þeim reglum sem skráningarráð setur og framfylgja mótaðri gæðastefnu

Hlutverk 4

- Að skilgreina þær kröfur sem gerðar eru til skrásetjara til að öðlast skráningarheimild
- Landskerfi úthlutar skráningarheimildum í samræmi við kröfur skráningarráðs
- Skráningarráð sker úr um ágreiningsmál varðandi skráningarheimildir

Hlutverk 5

- Að koma á verkaskiptingu milli safna t.d. um greiniskráningu íslenskra tímarita
- Að skipa í vinnuhópa um skráningu og efnislyklun eftir því sem þörf krefur

Hlutverk 6

- Að semja verklagsreglur um þróun kerfisbundins efnisorðalykils og marka stefnu um notkun hans til að sem mest samræming náist
- Sjá til þess að efnisorðalykillinn sé aðgengilegur á netinu

Nokkrar samþykktir

- Kröfur sem gerðar eru til skrásetjara til að fá skráningarheimild
- Reglur um útgáfugreiningu
- Reglur um lágmarkskóðun við skráningu
- Reglur um breytingar sem þarf að gera á færslum sem sóttar eru í OCLC
- Samþykkt um skyldur skrásetjara

Efnisorðaráð

- Efnisorðaráð sem skráningarráð skipaði hefur lagt fram tillögur að skipulagi bæði varðandi leiðréttingar og áframhaldandi þróun Kerfisbundins efnisorðalykils
- Skráningarráð samþykkti tillögurnar
- Lykillinn er aðgengilegur á vef Landskerfis

Þjónustusamningar

- Stjórn Aleflis er að kanna hve mörg söfn sem ekki hafa skráningarheimild þurfa á aðstoð við skráningu að halda og hverjir eru tilbúnir að taka að sér að skrá fyrir aðra
- Þau söfn gera þá með sér þjónustusamning

Gæðaeftirlit

- Nauðsynlegt að móta stefnu
- Gæði skráningar ófullnægjandi
- Skráningarfærni ekki nógu mikil
- Hægt að sjá hver býr til færslu og hverjir breyta en ekki hver gerir hvað

Framtíðin

- Skráningarráð með óbreyttu formi?
- Annað fyrirkomulag?

Fundargerðir

- Fundargerðir eru birtar á vef Landkerfis bókasafna
- Netfang skráningarráðs:
skraning@landskerfi.is